



Tilkynning til íbúa í Árnessýslu frá Almannavarnanefnd Árnessýslu

Líkur eru á SO₂ gosmengun um allt Suðurland (brennisteinstvíldi, brennisteinsdíoxíð) vegna eldgossins við norðanverðan Vatnajökul.

Þessi mengun er háð styrk gosmengunarinnar hverju sinni, vindátt og vindstyrk og getur verið varasöm, ef hún nær að mynda bláa eða grábláa móðu. SO₂ getur m.a. valdið ertingu í öndunarfærum og augum.

Sem stendur eru unnið að uppsetningu loftgæðamæla, m.a. í Þjórsárdal, til viðbótar við þá mæla sem fyrir eru í sýslunni. Mælingar má lesa á vefsíðu Umhverfisstofnunar ust.is undir fyrirsögninni „loftgæði“

Íbúar eru hvattir til að fylgjast með aðstæðum utandyra, fréttum og upplýsingaveitum á netinu. Ráðlögð viðbrögð við SO₂ gosmengun, sjá einnig baksíðu þessa blaðs:

- Börn og fólk sem er viðkvæmt fyrir, ætti að halda sig innandyra með lokaða glugga, hækka í ofnum og slökkva á loftræstingu þar sem það á við.
- Heilbriggt fólk ætti ekki að vera í líkamlegri áreynslu utandyra.
- Hafa tiltæk lyf sem tekin eru að staðaldri við hjarta- eða lungnasjúkdómum.
- Áhrif SO₂ gosmengunar eru svipuð á dýr og menn.

Helstu upplýsingaveitur:

almannavarnir.is – sjá m.a. leiðbeiningar um mengun og öskufall

vedur.is – viðvaranir ef spár gefa til kynna háan SO₂-styrk frá eldgosinu

loftgaedi.is - loftgæðamælingar í rauntíma á tiltækum mælum

ust.is - upplýsingasíða og ráðlögð viðbrögð við SO₂ gosmengun

landlaeknir.is – tilkynningar vegna brennisteinsdíoxíðs (SO₂) á Austurlandi

mast.is – upplýsingar um áhrif gosmengunar á dýr

Einnig er bent á heimasíður hvers sveitarfélags fyrir sig

Almannavarnarnefnd vinnur að undirbúningi íbúafunda vegna mögulegra rýminga komi til þess að flóð verði á vatnasviði Þjórsár og eftir atvikum Hvítár vegna goss í Bárðarbungu. Þessir fundir verða boðaðir á heimasíðum hvers sveitarfélags fyrir sig.



UMHVERFISSTOFNUN

Áhrif á heilsufar og ráðleggingar um viðbrögð við SO₂ frá eldgosum

Magn SO ₂ *	Lýsingar á loftgæðum	Ráðleggingar um aðgerðir	
µg/m ³		Einstaklingar með undirliggjandi sjúkdóma **	Heilbrigðir einstaklingar
	Góð		
0-300	Yfirleitt engin áhrif á heilsufar.	Getur fundið fyrir áhrifum	Engin áhrif á heilsufar
	Viðunandi		
300- 600	Getur valdið óþægindum í öndunarfærum hjá einstaklingum með undirliggjandi sjúkdóma.	Farið með gát, fylgist með mælingum.	Áhrif á heilsufar ólíkleg.
	Varasöm		
600-3.000	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma. Lítil vandamál hjá heilbrigðum.	Forðist áreynslu utandyra.	Áhrif á heilsufar ólíkleg en gagnlegt að draga úr áreynslu utandyra.
	Óhollt		
3.000-9.000	Einkenni frá öndunarfærum líkleg hjá öllum einstaklingum, einkum einstaklingum með undirliggjandi öndunarfærasjúkdóma.	Dveljið innandyrna og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu.	Forðist áreynslu utandyra. Þeir sem hafa tök á haldi sig innandyrna, loki gluggum og slökkvi á loftræstingu.
	Mjög óhollt		
9.000-14.000	Allir líklegir til að finna fyrir miðlungs- eða alvarlegum einkennum frá öndunarfærum.	Dveljið innandyrna og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyrna og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.
	Hættuástand		
>14.000	Alvarleg einkenni frá öndunarfærum líkleg.	Dveljið innandyrna og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.	Dveljið innandyrna og lokið gluggum. Slökkvið á loftræstingu. Fylgist með ráðleggingum yfirvalda.

Höf: Sóttvarnalæknir, Umhverfisstofnun og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra

*Meðalgildi í 15 mínútur

**Börn og fullorðnir með astma, berkjubólgu, lungnaþembu og hjartasjúkdóma.

Almennar ráðleggingar:

- Andið sem mest með nefi
- Dveljið innandyrna og lokið gluggum
- Slökkvið á loftræstingu ef móða er áberandi í umhverfinu
- Lungna- og hjartasjúklingar hafi sín lyf tiltæk